

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 423/1988, um endurgreiðslu söluskatts af iðgjöldum af ábyrgðartryggingu bifreiða í eigu fatlaðra.

#### 1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Ellilífeyrisþegar, sem fallið hafa undir skilgreiningu 1. og 2. tölulið 1. mgr., áður en þeir urðu ellilífeyrisþegar (örorkulífeyrisþegar eða örokurstyrkþegar), skulu einnig eiga rétt á endurgreiðslu samkvæmt þessum reglum.

#### 2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1988, um breyting á lögum nr. 10/1960, um söluskatt, með síðari breytingum, og að höfðu samráði við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið varðandi greiðsluhlutverk Tryggingastofnunar ríkisins, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 8. desember 1988.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Ásmundur Vilhjálmsson.*

## AUGLÝSING

### um eindaga söluskatts.

#### 1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 12. gr. laga nr. 10/1960, um söluskatt, með áorðnum breytingum, skal eindagi söluskatts vera annar dagur næsta mánaðar eftir gjalddaga. Eindagi vegna nóvembermánaðar skal þó jafnan vera tíu dögum eftir gjalddaga. Beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag, skal eindagi færast á næsta virkan dag á eftir.

Álag skv. 1. tölul. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 10/1960 skal reikna fyrir hvern byrjaðan virkan dag eftir eindaga, en álag skv. 2. tölul. 2. mgr. 21. gr. laganna skal reikna frá og með 16. degi næsta mánaðar eftir gjalddaga.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er skv. heimild í ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 14. desember 1988.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Lárus Ögmundsson.*